

Fjárlög 2022:

Staða og horfur fyrir kjarasamninga

Stefán Ólafsson
Félagsfundur Eflingar
9. nóv. 2021



Efnisyfirlit


- Nýir kjarasamningar á árinu 2022
- Staða þjóðarbúsins og staða ríkisins
- Hvað er verið að gera fyrir heimilin?
- Barnabætur, húsnæðisstuðningur
- Lífeyrisþegar
- Skattar
- Sóknarfæri fyrir nýja kjarasamninga

Staða þjóðarbúsins og ríkisins

Úr kynningu fjármálaráðherra:

Bjartar horfur í efnahagsmálum

Efnahagsaðgerðir og hjöðnun heimsfaraldursins leiða til meiri hagvaxtar en búist var við fyrir ári síðan.



Úr kynningu fjármálaráðherra:


Atvinnuleysi nú svipað og fyrir faraldurinn



**20.000
fleiri störf en í
upphafi árs**

Atvinnuleysi 2021

12,2%




- Atvinnuleysi (% af vinnuafli, árstíðaleiðrétt)
- þ.a. atvinnuleysi á hlutabótum

Úr kynningu fjármálaráðherra:

Kraftmikill hagvöxtur framundan

Gert ráð fyrir 5,3% hagvexti 2022. Hagkerfið stækkar um alls 20% árin 2021-2026.




Úr kynningu fjármálaráðherra:

Stórbættar skuldahorfur

Markmiði um að fresta stöðvun skuldahlutfalls frestað frá 2025 til 2026.
Skuldahlutfall ríkissjóðs verður um fimmtungi lægra en búist var við í vor.

Skuldir ríkissjóðs skv. fjármálareglu, % af VLF



300 milljörðum króna
lægri skuldir í lok
tímabils fjármálastefnu
en áður var búist við

Litlar skuldir miðað
við aðrar þjóðir!

Hvað verður gert fyrir heimilin?

Barnabætur, húsnæðisstuðningur

Efling - stéttarfélag

Kjarafréttir



Nr. 1 | 6. desember 2021 | Ábm. Stefán Ólafsson

Samkvæmt nýjum gögnum frá OECD er mun minni stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi en í flestum vestrænum hagsældarríkjum. Ísland er langt undir meðaltali OECD-ríkjanna og hin Norðurlöndin eru með mun ríflegri barnabætur fyrir fjölskyldur með lágar tekjur. Hér byrja skerðingar barnabóta við lágmarkslaun á vinnumarkaði, sem er óvenju lágt. Fáir foreldrar fá því óskertar barnabætur.

Í fjárlögum fyrir næsta ár eru kynntar hækkanir barnabóta og skerðingarmarkna en þær fela einungis í sér uppfærslu vegna verðlags- og launabreytinga, sem ekki komu fram að fullu árin 2020 og 2021, og skila þær því engum raunverulegum kjarabótum fyrir barnafjölskyldur.

Barnabætur eru of lágar á Íslandi

Barnabætur eru mikilvægur þáttur í kjörum fjölskyldna, einkum hjá lægri tekjuhópum. Viðast hvar í nútímalegum samfélögum er talið nauðsynlegt að létta framfærslubyrði ungra fjölskyldna þegar byrðin er hvað mest vegna húsnæðisöflunar og barneigna. Barnabætur eru ekki styrkur til barnafólks heldur tilfærsla milli tímabila á lífshlaupinu. Fólk fær barnabætur á fyrri hluta starfsferils þegar þörfin er mest en þegar börnin eru farin að heiman þá greiðir fólk hærri skatta til að fjármagna barnabætur til næstu kynslóðar á eftir.

Á Íslandi hafa greiddar barnabætur lengi verið lágar vegna mikilla skerðinga. Óskert upphæð bóta með fyrsta barni er nú um 10.500 krónur á mánuði fyrir börn og um 70.500 krónur

skyldna) og vega barnabæturnar sjálfar oftast mest. Við sýnum einnig þróun útgjalda til barnabóta á Íslandi frá 1988 til 2021, ásamt áætlun fyrir árið 2022. Niðurstöðurnar benda almennt til að örlæti barnabóta sé með minnsta móti á Íslandi í samanburði við önnur hagsældarríki innan OECD-samtakanna.


Örlæti barnabóta í OECD-ríkjunum

Við skoðum örlæti barnabóta bæði til einstæðra foreldra og hjóna eða sambylisfólks sem eru með tvö börn (6 og 9 ára) á heimilinu. Tekjur einstæðra foreldra eru miðaðar við hálf meðallaun, sem eru nærri lágmarkslaunum á almennum vinnumarkaði. En sá hópur fær hæstu bæturnar hér á landi.

Barnabætur


- Barnabætur verða hækkaðar um 5,5-5,8%
- Hafa ekki verið verðbættar frá 2019
- Hefðu þurft að hækka um rúmlega 10% til að halda verðgildi sínu frá 2019
- Lægri skerðingarmörk hækka til samræmis við lágmarkslaun
- Þýðir: Skerðingar byrja áfram við lágmarkslaun
- Litlar sem engar kjarabætur eru í þessum þáttum
- Fáir foreldrar í fullri vinnu fá óskertar barnabætur
- Búum við lakasta barnabótakerfi á Norðurlöndum

Ísland er með óeðlilega
lágan barnabætur
miðað við
hagsældarstig landsins



Húsnæðisstuðningur: Húsaleigu- og vaxtabætur

Húsnæðisstuðningur til heimila 1998 til 2020 og áætlun til 2023
Útgjöld sem % af landsframleiðslu



Skv. fjármálaáætlun verður 15% lækkun á húsnæðisstuðningi árið 2023

■ Heildarútgjöld vegna húsnæðisstuðnings

■ Par af vaxtabætur

**Það er því veruleg þörf fyrir auknar
velferðaraðgerðir fyrir heimilin**

Hvað verður gert fyrir lífeyrisþega?

Almannatryggingar

Úr kynningu fjármálaráðherra:

Kjör lífeyrisþega bætt

Viðbótarhækkun til örorkulífeyrisþega

- **Afkoma örorkulífeyrisþega** verður áfram **bætt**, örorkulífeyriskerfið verður einfaldað og dregið verður úr tekjutengingum.
- **800 m.kr.** verður varið til að hækka bætur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega um **1% til viðbótar** við almennar prósentuhækkanir almannatrygginga í fjárlögum 2022.
- Bætur örorkulífeyrisþega hækka því alls um **5,6%** frá fjárlögum ársins 2021.


Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega tvöfaldað

- Almannatryggingakerfi eldri borgara verður endurmetið og horft verður til þess að **draga úr jaðaráhrifum** tekjutenginga og tekjuskatts.
- **540 m.kr.** verður varið í að **tvöfalda** frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega fer úr **100 þús.kr. í 200 þús.kr.** á mánuði um næstu áramót.

Hvað þýðir þetta fyrir öryrkja?

- 5,6% hækkun óskerts lífeyris TR
- Fer úr 333.258 á mán. í 351.900 , svipað og lágmarkslaun eru nú (2021)
- En þau munu hækka 1. jan. 2022 í **368.000**
- Örorkulífeyrir verður því áfram 5% undir lágmarkslaunum!
- Lofað er að einfalda örorkulífeyriskerfið og draga úr tekjutengingum: **ekkert í hendi**

Lífeyrir TR verður áfram undir lágmarkslaunum



Hvað þýðir þetta fyrir ellilífeyrisþega?

- Tvöföldun frítekjumarks vegna atvinnutekna, úr 100.000 á mán. í 200.000
- Til bóta, en gagnast eingöngu litlum hluta ellilífeyrisþega og einkum þeim sem þegar hafa hærri tekjur. Kostar ríkið lítið sem ekkert!
- Gerir því lítið fyrir lágtekju-lífeyrisþega
- Lofað að draga úr jaðaráhrifum tekjutenginga og skatta: **ekkert í hendi**

Skattar

- Talað um að tenging viðmiða í skattkerfinu við verðlag og framleiðniaukningu feli í sér skattalækkun upp á um 2,3 milljarða á árinu 2022
- Kynnt sem síðasta skrefið í skattalækkun sem tengdist Lífskjarasamningnum (lækkun uppá alls 23 milljarðar)
- Þetta er engin raunveruleg skattalækkun 2022, heldur aðgerð til að stemma stigu við rýrnun persónuafsláttar
- Fjármálaráðherra talaði fyrir kosningar og í kynningu á fjárlagafrumvarpinu um að **svigrúm kynni að skapast fyrir skattalækkun á kjörtímabilinu – og þá sérstaklega fyrir þá tekjulægri**

Lífskjarasamningurinn:
Það sem kemur árið 2022

Kauphækkun 1. jan. 2022 og hagvaxtarauki í maí

Lífskjarasamningurinn er grundvallaður á krónutöluhækkunum

Hagvaxtaraukinn tryggir að **hlutur launafólks í verðmætasköpuninni helst stöðugur**, sem í dag er sá hæsti meðal ríkja OECD.

Launahækkunir 2019-2022


Þúsundir króna

■ Taxtahækkun
■ Almenn hækkun
■ Hagvaxtarauki

+26.000 króna orlofsuppbótarauki sem greiðist til allra fyrir 2. maí 2019

+26

Hófleg upphafshækkun er lykilatriði



Lágmarkstekjutrygging strax í 317 þúsund kr.

Hagvöxtur á mann

Hagvaxtaraukinn

> 1,0%	➡	+3.000 kr.
> 1,5%	➡	+5.500 kr.
> 2,0%	➡	+8.000 kr.
> 2,5%	➡	+10.500 kr.
> 3,0%	➡	+13.000 kr.


- Hagstofan birtir tölur um hagvöxt á mann í mars ár hvert.
- Launahækkunir munu því eiga sér stað í maí.
- Árleg samningsbundin launahækkun samanstendur af grunnlaunahækkun og launaauka

Hagvaxtaraukinn fer að fullu á taxtalaun en 75% í almenna hækkun

Árangur fyrir láglæunafólk

Mynd 3.3 Breyting grunntímaþaups á milli mars 2019 og júní 2021, og áhrif vinnutímaþreytinga, eftir markaði

Örin sýnir hvar Eflingarfólk var atkvæðamest



Varað við kauphækkunum – að venju!

Úr kynningu fjármálaráðherra:

Nú skiptir samspil hagstjórnar miklu máli

Opinber fjármál

Draga úr stuðningi við hagkerfið í ljósi mikils efnahagsbata. Halli enn verulegur en minnkar ár frá ári.

Seðlabanki Íslands

Nota stjórnþæki peningastefnu til þess að halda verðbólgu sem næst verðbólgumarkmiði.

Aðilar vinnumarkaðar

Tryggja að launahækkanir séu í samræmi við efnahagslegan stöðugleika.

Verði slaki fjármálastefnunnar meiri en stefnt er að getur taumhald peningastefnunnar þurft að vera þéttara vegna aukins verðbólguþrýstings. Vextir verða þá hærri en ella.

Horfur og möguleikar í næstu kjarasamningum

- **Það sem tókst vel síðast mætti endurtaka:**
- Krónutöluhækkanir – hve miklar? M.v. verðbólgu.
- Skattalækkun fyrir lágtekjuhópa
- En einnig þarf að **efla velferðarkerfi heimilanna:**
- Hækka **barnabætur** verulega
- Auka **húsnæðisstuðning** verulega
 - Einkum **húsaleigubætur og vaxtabætur**
 - Einnig **félagsleg byggingarúrræði** fyrir láglaunafólk
- Athugandi hvort gera eigi kröfur um lagfæringu á almannatryggingakerfinu?
- Einnig ókláraðar aðgerðir gegn félagslegum undirboðum, leigumarkaði o.fl



Takk fyrir!